

Tillaga til þingsályktunar um myndlistarnám fyrir börn og unglinga.

Flm.: Logi Einarsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Arna Lára Jónsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Álfheiður Eymarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Halldóra Mogensen, Helga Vala Helgadóttir, Oddný G. Harðardóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

8. mars 2020.

Umsögn um tillögu.

1. Myndlist hefur aukist verulega í umhverfi okkar á síðustu áratugum og allra mest á síðustu árum. Augu fólks hafa einnig opnast vegna mikilvægi hennar í allri hönnun en án hennar og þá sérstaklega teikningar verður lítið skapað í þessum greinum.

2. Talað er um listgreinar í námskrá s.s. sviðslistir leiklist, sjónlistir en svo tónmennt og myndmennt. Mér finnst að eitt eigi að gilda um allar listgreinar og þarna eigi að standa tónlist og myndlist, enda alltaf verið að tala um listir.

3. Þegar talað er um, í greinargerðinni með tillögu þingsályktunar, að myndlist henti vel í hópkenndu þá er það rétt upp að ákveðnu marki. Það er alveg hægt að kenna hálfum bekkjum (u.þ.b. 12 nemendum) en ef verið er að ræða heila bekki gengur það einfaldlega ekki. Þessi grein er of verkleg til þess að það takist.

Sumir skólastjórar hafa sett saman þrjá hópa úr fjórum bekkjum. Þá er þremur bekkjum skipt í tvennt og úr fjórða bekknum er nemendum hans deilt niður á hina hópana. Þannig verða hóparnir mun fjölmennari og skólastjórnarnir geta þá notað þann tíma sem fjórði hópurinn átti að fá, í eitthvað annað sem þeir óska. Bæði þessi form eru afleit og oft mikil vandkvæði á að halda aga í þannig hópum.

Flestir nemendur þurfa að ræða við kennarann um hvernig þeir vilja leysa verkefni sín og þá verður hann að hafa tíma til að ræða við alla. Þetta er alla jafna gert í nokkrum umferðum kennarans um bekkinn svo allir geti byrjað sem fyrst.

4. Ég átta mig ekki á hvernig á að taka á þessu „tilviljanakennda framboði“ á myndlistakennslu. Er ætlunin að stofna myndlistaskóla alls staðar út um landið til að koma til móts við áhugasama? Eða er áætlað að fjölga tímum í myndlist í grunnskóla? Ef til vill að hafa að minnsta kosti tvo tíma á viku fyrir hálfu bekki vetrarlangt? Það er áreiðanlega mjög góð lausn.

Ég tek undir að nokkrar vanefndir hafa verið á námstíma í myndlist bæði með skorti á myndlistamenntuðum kennurum og með margs konar aðferðum skólastjórnenda. Þeir hafa eins og áður sagði sett fleiri nemendur í hópana sem eiga að njóta kennslunnar. Einnig hafa svokallaðar „hringekjur“ verið notaðar til að bæta jafnvel fleiri greinum inn í tímana. Hringekjur eru kennslulotur nemenda þar sem eru til dæmis fjórar lotur yfir veturinn og nemendur ljúka námi í hverri grein í loturöðinni. Með fleiri greinum verða loturnar einnig fleiri og taka þar með tíma af þeim greinum sem var upphaflega áætlaður til hvernar greinar; textíls, smíða, myndlistar og heimilisfræða eða tölva.

5. Það er mikilvægt að fara ekki bandarísku leiðina í breytingu myndlistakennslu, þar sem Gettystofnunin styrkti breytinguna. Þar var lögð mjög lítil áhersla á sköpun og tjáningu nemenda en meiri áhersla á listasögu. Tímunum var einnig fækkað verulega á mörgum svæðum. Bandarískir kennarar voru margir mjög óánægðir með þetta og sáu eftir fyrri tíma kennslu.

Norrænir kennarar hafa einnig brennt sig á sameiningu myndlista- og handmenntakennslu (myndlistar, textíls og smíða). Nú skera þeir upp herör og tala mikið um að teikningin sé undirstaða allrar myndlistar. Þeir vilja fara aftur til fyrri kennslu og vinna nú að því.

6. Miðað við tillögu nefndarinnar þurfa myndlistakennarar líklega ekki að óttast að fyrrnefndar leiðir verði farnar. Samkvæmt henni verður óskað eftir meiri tíma fyrir greinina sem er vel, þannig að nemendur nái að þroskast í myndlist. Sérstaklega er minnst á áttunda til tíunda bekk þar sem einungis hefur verið boðið upp á val í mörgum skólum en það hefur verið bagalegt fyrir alla. Það hefur einmitt verið talað um að flest fólk teikni eins og börn ellefu til þrettán ára því það vantar þroskann í greininni eftir þann tíma.

Ég fagna mjög tillögunni um frekari myndlistakennslu og myndlistanám grunnskólabarna. Hún verður seint of mikil með tilliti til flestra greina, enda hægt að kenna nemendum fjölmargt gegnum myndlist, bæði liti og form auk stærðfræði. Til viðbótar má nefna allar greinar þar sem þarf að kanna hluti, skoða, sjá og tjá. Forsenda þess að vel takist til er að aldrei verði meira en hálfir bekkir við nám í einu.

Virðinarfyllst,

Jóhanna Þ Ingimarsdóttir

Vegna tillögu til þingsályktunar

um myndlistarnám fyrir börn og unglínga.

Mikilvægi listnáms má ekki vanmeta. Í sjálfu sér er það ákveðin tegund sjálfsræktar og leið til þroska, víðsýni og skapandi nálgunar á úrlausnir mála. Sem aldei fyrr hefur samfélagið þörf fyrir einstaklinga sem búa yfir þeim hæfileikum í ríku mæli. Einstaklingum sem sprengja út hugmyndir, leita leiða til að takast á við viðfangsefni sín á skapandi hátt, spegla samtíma og samfélag í gegnum list sína. Slíkt auðgar bæði okkar eigin samfélag og ber hróður lands og þjóðar út fyrir landsteinana. Það er löngu orðið ljóst og óumdeilt að gróskumikið starf tónlistarskólanna undanfarna áratugi hefur skilað sér í afburða tónlistarfólki en ekki síður því sem ekki má vanmeta; mikilli almennri þátttöku í tónlist, tónlistarsköpun og tónlistarflutningi. Slíkt auðgar bæði líf einstaklinga og samfélagsins alls.

Framboð á myndlistarmenntun utan skólakerfis hefur verið takmarkað og það er reynsla okkar hér í Ljósmyndaskólanum að nemendur hafa ekki eins mikinn bakgrunn í listnámi og æskilegt væri fyrir nám á framhalds-/háskólastigi. Vegna lítils undirbúnings getur það tekið nemendur á á þessu námsstigi talsverðan tíma að byggja upp grunn í sjónlistum, þroska hugsun og vinnubrögð sem nauðsynleg eru til þess að skapa myndverk og að takast á við listsköpun. Ólíkt tónlistarskólanemum, sem hafa langt nám að baki þegar þeir fara í framhaldsnám eru nemendur í sjónlistum nánast á byrjunarreit. Gildi þess að tileinka sér grunnþætti myndlistar og þekkingar á sjónlistum á unga aldri er ótvítætt mikilvægt fyrir árangur í framhaldsnámi í listum. Listnám barna og unglínga er einnig einkar mikilvægur kostur fyrir þann mikla fjölda einstaklinga sem eru lesblindir, með athyglisbrest eða aðra eiginleika sem hamlað geta hefðbundnu bóknámi. Þeir einstaklingar hafa mjög oft sterka sjónræna skynjun og sannarlega skortir á tækifæri fyrir þá til að þroska hæfileika sína. Það er viðurkennd staðreynd að mikilvægt er að fást við verkefni sem henta hverjum einstaklingi, verkefnum sem felast í því að þroska styrkleika hvers og eins. Það að finna sig í viðfangsefnum sínum byggir upp einstaklinga, stuðlar að sterkri sjálfsmynd þeirra, virkni og er í raun grunnurinn að farsæld.

Mikilvægt er því að stjórnvöld bregðist við og stuðli að auknu aðgengi að myndlistarmenntun fyrir börn og unglínga.

Reykjavík 12. mars 2020.


Sigurborg Rögnvaldsdóttir,

verkefnastjóri kennslu og skólaþróunar í Ljósmyndaskólanum

